



Nýliðamappa

Við leggjum lið

Yfirfarið í júní 2021

Alþjóða Lionshreyfingin

(The International Organisation of Lions Clubs/ LCI)

Melvin Jones, upphafsmaður Lionshreyfingarinnar, (f. 13. janúar 1879) starfaði sem tryggingasali í Chicago og stofnaði sitt eigið tryggingaumboð árið 1913. Á þeim árum voru starfandi í Bandaríkjunum klúbbar fyrir félagi í viðskiptalífínu og markmið þeirra var fyrst og fremst að félagarnir styrktu tengsl sín innan viðskiptalífsins.

Árið 1913 varð Melvin Jones félagi í einum þessara klúbba og árið 1916 varð hann ritari klúbbsins, sem þá taldi um 200 féлага. Honum fannst það sóun á verðmætum að þessir dugmiklu félagar skyldu ekki hafa göfugra markmið en að hagnast sjálfir á veru sinni í klúbbum. Ef hægt væri að fá þá, auk féлага úr öðrum klúbbum, til að vinna að mannúðarstörfum, þá myndi það leysa úr læðingi mikið afl til góðra hluta.

Melvin Jones hóf áróður í klúbbi sínum fyrir að stofna samtök sem hefðu það markmið að líkna öðrum - AÐ LEGGJA LIÐ - og 7. júní 1917 var Lionshreyfingin stofnuð.

Fulltrúar 27 klúbba sóttu stofnfundinn, þar á meðal indverskur læknir W.P. Wood sem var kjörinn formaður á fyrsta þingi Lionshreyfingarinnar í Dallas, 8. - 10. október 1917. Melvin Jones var fyrsti ritari Lions og framkvæmdastjóri, hann gegndi því starfi til ársins 1957. Melvin Jones lést árið 1961.

Lionshreyfingin starfaði eingöngu í Ameríku til ársins 1920, en þá var fyrsti klúbburinn í Kanada stofnaður og árið 1926 í Mexíkó og Kína. Frá upphafi vann Lionshreyfingin að mannúðarmálefnum og var eitt þeirra frjálsu félagasamtaka sem leitað var til þegar unnið var að mótun starfsreglna fyrir Sameinuðu þjóðirnar.

Þeir hafa verið framsýnir sem stóðu að stofnun Lionshreyfingarinnar því fyrstu lögum samtakanna hefur lítið verið breytt. Viðamesta breytingin var gerð á alþjóðþingi í Taiwan 1987 þar sem fellt var út ákvæði um að félagar yrðu að vera karlkyns. Í dag starfa kvenna-, karla- og blandaðir klúbbar undir merkjum Lions.

Lionsblaðið var stofnað 1918 og kemur nú út í 30 útgáfum á 20 tungumálum, þar á meðal íslensku.

Eftir seinni heimstyrjöldina var lögð áhersla á að breiða út starf Lionshreyfingarinnar til fleiri landa. Í dag eru yfir 1,4 milljónir féлага í Lionshreyfingunni í yfir 200 þjóðlöndum. Fjöldi klúbba er um 50.000.

Ýmis merk þing hafa verið haldin á vegum Lionshreyfingarinnar en alþjóðþingið í Ohio árið 1925 verður alltaf talið með þeim merkustu. Á því þingi ávarpaði Helen Keller, blindur rithöfundur, þingfulltrúa og hvatti Lionsfélaga til að verða riddarar hinna blindu. Ávarp hennar hafði mikil áhrif og síðan hafa þjónustustörf við blinda verið áberandi í öllu starfi Lionshreyfingarinnar.

Georg A. Bonham fann upp hvíta stafinn. Hann var formaður í Lionsklúbbi í Peoria í Illinois árið 1930. Hugmyndin kviknaði þegar hann sá blindan einstakling vera að reyna að fara yfir götu. Hann nefndi þetta við klúbbfélaga sína og þeir tóku sig til og máluðu nokkra stafi hvíta og gáfu þá blindu fólki. Í dag er hvíti stafurinn einkenni blinda fólks um allan heim.

LEO


Þann 5. desember 1957 var fyrsti LEO klúbburinn stofnaður. LEO er ungliðahreyfing innan Lionshreyfingarinnar. Félagar í LEO klúbbum geta verið á aldrinum 12 - 30 ára. LEO klúbbar eru nær alltaf blandaðir klúbbar. Vegna hins breiða aldursbils er hægt að skipta LEO klúbbum í yngri og eldri deildir (Alpha og Omega).

Árið 1967 samþykkti Alþjóðastjórn Lionshreyfingarinnar að LEO væri skilgreint sem verkefni Lionsklúbba, því má greiða ýmsan kostnað við LEO klúbba úr verkefnasjóðum Lionsklúbba. Hér á landi voru nokkrir LEO klúbbar starfandi á síðasta áratug 20. aldar en þeir hafa allir hætt störfum.

Skipulag Alþjóða Lionshreyfingarinnar

Grunneiningin eru Lionsklúbbarnir. Þeim er skipað í umdæmi eftir fjölda klúbba og fjölda Lionsfélaga (a.m.k. 1250 Lionsfélagar í umdæmi) og landfræðilegri skiptingu. Á alþjóðavísu eru um 750 Lionsumdæmi. Hverju umdæmi er stýrt af umdæmisstjóra. Umdæmisstjórar eru tengiliðir alþjóðaforseta við klúbbana. Ef búið er að mynda fleiri en eitt umdæmi innan ákveðins lands (eða hóp lands) þá er myndað fjölumdæmi. Fjölumdæmi er stýrt af fjölumdæmisstjóra.

Skipurit Lionshreyfingarinnar



Árlega er haldið **alþjóðafing** Lionshreyfingarinnar. Þar hittast um 20.000 Lionsfélagar. Alþjóðafingið er æðsta stofnun Lionshreyfingarinnar, þar er kosin stjórn til að fara með vald alþjóðafingsins milli þinga. Alþjóðastjórnin heldur 4 fundi árlega.

Í alþjóðastjórn sitja alþjóðaforseti (International President, IP), fráfarandi alþjóðaforseti (Immediate Past International President, IPIP), 1. varaforseti (First Vice International President 1.VIP), 2. varaforseti (Second Vice International President 2.VIP) og 3. varaforseti (Third Vice International President, 3.VIP).

Auk þess sitja í alþjóðastjórn 35 alþjóðastjórnarmenn (International Director, ID)

Á hverju ári má alþjóðaforseti tilnefna 6 sérlega ráðgjafa eða alþjóðastjórnarfulltrúa (Board Appointee, BA), þeir fulltrúar hafa ekki atkvæðarétt í alþjóðastjórn.

Alþjóðaforseti er kjörinn til eins árs í senn.

Fyrsti, annar og þriðji varaforseti flytjast upp um eitt sæti á hverju ári. Árlega er því kjörinn nýr þriðji varaforseti.

Alþjóðastjórnarmenn eru kjörnir til tveggja ára. Annað árið eru 18 nýir alþjóðastjórnarmenn kjörnir og 17 hitt árið.

Alþjóðastjórnarmenn skiptast eftir ákveðinni reglu milli „heimsálfa“ (Constitutional Areas)

- CA I Bandaríkin, Bermúdaeyjar og Bahamaeyjar**
11 alþjóðastjórnarmenn
- CA II Kanada**
1 alþjóðastjórnarmaður
- CA III Suður Ameríka, Mið Ameríka, Mexíkó og Karabísku eyjarnar**
2 alþjóðastjórnarmenn
- CA IV Evrópa**
6 alþjóðastjórnarmenn
- CA V Austur Asía og Suðaustur Asía**
7 alþjóðastjórnarmenn
- CA VI Indland, Suður Asía og Mið Austurlönd**
6 alþjóðastjórnarmenn
- CA VII Ástralía, Nýja Sjáland, Papúa Nýja-Gínea, Indónesía og Suðurhafs eyjar**
1 alþjóðastjórnarmaður
- CA VIII Afríka**
1 alþjóðastjórnarmaður

Fimm Íslendingar hafa gegnt stöðu alþjóðastjórnarmanns: Þorvaldur Þorsteinsson, Björn Guðmundsson, Svavar Gests, Jón Bjarni Þorsteinsson og Guðrún Björt Yngvadóttir.

Árið 2018 gerðist sá merki atburður að Íslendingurinn Guðrún Björt Yngvadóttir, var kosin alþjóðaforseti, fyrst kvenna og náði miklum meðbyr með hreyfingunni.

Alþjóðahjálparsjóðurinn (LCIF)

LCIF, Lions Club International Foundation (Alþjóðahjálparsjóður Lions) var stofnaður 13. júní 1968. LCIF er hinn opinberi Hjálparsjóður Lions, okkar stóri hjálparsjóður. Sjóðurinn gerir okkur kleift að sinna stórum verkefnum um allan heim. Sjóðurinn getur, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, hjálpað klúbbum okkar að stækka verkefni, ef á þarf að halda.

Markmið (Mission) LCIF er „*Að styðja Lionsklúbba um allan heim við að leggja lið í sínu samfélagi og um heim allan, með því að sinna mannúðarverkefnum.*“

Framlög í sjóðinn eru frjáls og koma frá Lionsklúbbum víðs vegar um heiminn. Um það bil 75% framlaga til sjóðsins eru fengin með tilnefningu Melvin Jones féлага. Framlag vegna tilnefningar til Melvin Jones féлага er 1.000 Bandaríkjadalir.

Eitt af því merkilega við LCIF er að hver einasta króna sem gefin er til sjóðsins fer beint í verkefnið sem verið er að styrkja. Ekki ein króna fer í milliliði eða yfirbyggingu. Það eru eingöngu Lionsklúbbar sem geta sótt um styrki og þeir eru ábyrgir fyrir peningunum og allri framkvæmd.

Framlög úr LCIF renna fyrst og fremst til átta höfuðflokka

- baráttu gegn sykursýki
- umhverfisvernd
- baráttu gegn hungri
- baráttu gegn blindu
- baráttu gegn krabbameini barna
- ungmennamálefni
- aðstoð vegna náttúruhamfara
- ýmis óflokkuð mannúðarverkefni

LCIF þykir um margt merkilegur á heimsvísu og hefur fengið fjölmargar viðurkenningar, má þar til dæmis nefna:

- þrisvar sinnum verið tilnefndur til Friðarverðlauna Nóbels
- þrisvar sinnum verið valinn af Financial Times sem besti alþjóðlegi óháði hjálparsjóður heims.
- átta sinnum fengið hæstu mögulegu einkunn „Charity Navigator“ fyrir stjórnun, áreiðanleika og gegnsæi.

LCIF á gott samstarf við nokkra af stærstu hjálparsjóðum heims eins og Bill and Melinda Gates Foundation, Johnson & Johnson Foundation, Jimmy Carter Center og fjölmarga aðra. Það samstarf hefur oft gefið af sér tvöfalt stærri verkefni en lagt var upp með.

Eitt af fyrstu framlögum sjóðsins var vegna eldgossins í Vestmannaeyjum 1973. Hér eru nokkur dæmi um styrki sjóðsins til verkefna á Íslandi; eldgos í Vestmannaeyjum, snjóflóð á

Súðavík og Flateyri, jarðskjálftar á Suðurlandi, ómskoðunartæki fyrir krabbameinsrannsóknir, tæki fyrir Lionshúsið Hlein við Reykjaland, Lions Quest, tæki fyrir Landspítala

Stærstu verkefni LCIF frá upphafi hafa verið unnin á sviði sjónverndar þar sem hundruðum milljóna einstaklinga hefur verið bjargað frá myrkrinu. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin segir það fyrst og fremst Lions að þakka hversu mikið hefur dregið úr blindu í heiminum.

Neyðaraðstoð er einnig stór hluti af starfsemi sjóðsins og oftast en ekki eru framlög frá LCIF fyrsta hjálpin sem berst á hamfarasvæði. Til dæmis var ákvörðun um styrki vegna jarðskjálftanna á Suðurlandi tekin samdægurs og peningarnir komu til Íslands daginn eftir.

Ítarlegar upplýsingar um starfsemi LCIF er að finna á heimasíðu sjóðsins lcif.org

Íslenska Lionshreyfingin

Fyrsti Lionsklúbburinn í Evrópu var stofnaður í Svíþjóð árið 1948 og fyrsti klúbburinn á Íslandi árið 1951. Magnús Kjaran var sænskur konsúll og þekktur kaupsýslumaður í Reykjavík. Í hófi hjá sænska sendiherranum hitti hann Hadar Wahrenby, sem var útbreiðslustjóri Lionshreyfingarinnar í Svíþjóð. Magnús og Hadar ákváðu að vinna að stofnun Lionsklúbba á Íslandi.

Þann 10. ágúst 1951 boðaði Magnús þá Guðbrand Magnússon og Herstein Pálsson á fund með sér á Hótel Borg, tilefnið var að undirbúa stofnun Lionsklúbbs. Þar var ákveðið að boða til stofnfundar 14. ágúst 1951. Hver þeirra kæmi með þrjá menn með sér á þann fund og þeim boðið að gerast stofnfélagar.

Á þessum fundi mælti Magnús Kjaran eftirfarandi orð, sem síðan hefur oft verið vitnað til.

„Hvað sem þessi félagsskapur er með öðrum þjóðum, hjá okkur verður hann það sem við gerum úr honum sjálfir.“

Lionshreyfingin á Íslandi myndaði umdæmi númer 109 innan Alþjóðasambands Lions. Árið 1972 var samþykkt tillaga um skiptingu umdæmis 109 í tvö umdæmi og mynda fjölumdæmi 109. Þá voru klúbbarnir 54 og félagar um 1800. Á umdæmisþingi 1973 voru klúbbarnir orðnir 62 og félagar 2142. (Á þessum tíma þurfti 30 klúbba og 1000 féлага til að mynda umdæmi). Fyrsti Lionessu klúbburinn var stofnaður á Siglufirði 1. nóvember 1979 og fyrsti LEO klúbburinn í Garði 23. október 1988.

Á Íslandi eru í dag um 2000 félagar starfandi í 83 Lionsklúbbum og tveimur klúbbdeildum. Landinu er skipt í tvö umdæmi, sem ná annarsvegar frá Reykjavík vestur og norður um land (109 B) og hinsvegar frá Reykjavík suður og austur um land (109 A).

Alþjóðasamskipti

Lions á Íslandi tekur þátt í alþjóðasamstarfi gegnum samstarf Lionsfjöllumdæmanna á Norðurlöndunum (NSR). Sem dæmi um verkefni má nefna:

- Aðstoð við sýrlensk börn í flóttamannabúðum í Líbanon og Tyrklandi.
- Ungmennaverkefnið Orkester Norden, þar sem ungt tónlistarfólk frá öllum Norðurlöndunum kemur saman, æfir og spilar. Hljómsveitin er 5 ár í senn í hverju landi.
- Nýtt verkefni er ungmennabúðir fyrir sykursjúk börn, sem löndin ætla að halda til skiptis.

NSR heldur fundi einu sinni á ári og skiptast löndin á að halda þann fund. Þar eru haldin fræðsluerindi og rætt um það nýjasta sem er að gerast í félagsstarfinu, verkefnum og fræðslu.

Sameiginleg verkefni Lionshreyfingarinnar á Íslandi

Sjónvernd

Október er mánuður sjónverndar. Lions á Íslandi stendur fyrir söfnun á notuðum gleraugum allt árið um kring en söfnunin nær hámarki í október. Gleraugun eru flokkuð og send til Afríku í samstarfi við danska Lionsfjöllumdæmið.

Sykursýki

Nóvember er mánuður sykursýkisvarna og þá hefur Lionshreyfingin á Íslandi unnið forvarnarstarf með því að standa fyrir blóðsykursmælingum hjá almenningi, hvatt til þátttöku í hreyfingarverkefninu „Örkum til vitundar um sykursýki” ásamt því að vekja athygli í gegnum samfélagsmiðla á þeirri miklu vá sem sykursýki er.

Ungmennaskipti

Lionshreyfingin stendur fyrir ungmennaskiptum. Til Íslands koma árlega 10-15 ungmenni, aðallega frá Evrópu og álíka stór hópur fer erlendis. Ungmennin dvelja eina viku í heimagistingu hjá Lionsfjölskyldum og 2 vikur í ungmennabúðum sem skipulagðar eru af Lionsklúbbum á ákveðnum svæðum.

Rauð Fjöður.

Stærsta sameiginlega verkefni Lionshreyfingarinnar á Íslandi er sala **Rauðrar fjaðrar** sem haldin er ekki sjaldnar en á 3 ára fresti. Afrakstur söfnunarinnar rennur til málefnis sem samþykkt er á Fjöllumdæmisþingi, ári fyrir söfnun.

Medic Alert

Medic Alert er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var árið 1985 fyrir tilstilli Lionshreyfingarinnar á Íslandi og er rekin undir verndarvæng hennar. Medic Alert merkið varðveitir upplýsingar fyrir lækna og viðbragðsaðila til þess að hægt sé að bregðast rétt við þegar mikið liggur við.

Birkifræsöfnun

Lions á Íslandi safnar birkifræjum í samstarfi við Skógrækt og Landgræðsluna. Tímabilið sem hægt er að safna birkifræi er frá miðjum september fram í miðjan október, háð veðri. Klúbbar geta safnað fræjum og dreift þeim eða skilað þeim af sér í móttökustöð, einnig geta klúbbar fengið til sín fræ til að dreifa.

Friðarveggspjaldakeppni

Alþjóða Lionshreyfingin hefur síðastliðin 25 ár staðið árlega fyrir friðarveggspjaldakeppni meðal ungs fólks á aldrinum 11-13 ára. Keppnin hefur hvatt milljónir barna frá um 100 löndum til að tjá sig um framtíðarsýn sína um frið.

Lestraráttak

Lestraráttakið er alþjóðlegt verkefni til tíu ára sem lýkur á starfsárinu 2021-2022. Átakinu er beint að treglæsi barna og unglinga og hefur verið unnið í samstarfi við ýmsar stofnanir og félagasamtök með fjölbreyttum hætti.

Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar

Sjóðurinn er nefndur til heiðurs Guðrúnu Björt Yngvadóttur, alþjóðaforseta Lions 2018-2019. Markmið sjóðsins er að veita neyðaraðstoð og styrkja innlend og alþjóðleg verkefni.

Verkefnasjóður Lionsfjölumdæmis 109

Markmið sjóðsins er að halda utan um fjármagn til fastra innlendra og alþjóðlegra verkefna Lionsfjölumdæmis 109, t.d. ungmennaskipti, alþjóðasamskipti, menningarmál, Lions Quest og aðra málaflokka sem felldir verða undir sjóðinn, með samþykki fjölumdæmisþings.

Verkefni Lionsklúbba á Íslandi

Lionsklúbbar á Íslandi styðja við ýmis málefni/verkefni í heimabyggð, bæði með vinnuframlagi og styrkjum. Sjá nánar á vefsíðunni lions.is

Lionsskrifstofan

Lionshreyfingin rekur skrifstofu að Hlíðasmára 14, Kópavogi. Þangað geta allir félagar og stjórnir klúbba leitað. Skrifstofunni er ætlað að miðla upplýsingum af ýmsu tagi, bæði til

klúbbanna og einnig frá þeim og yfirstjórn hreyfingarinnar til Alþjóðastjórnar. Á skrifstofunni er seldur margvíslegur varningur fyrir félagsstarfið.

Tímaritið Lion

Samkvæmt leyfi Alþjóðastjórnar er gefin út íslensk útgáfa af tímaritinu Lion. Útgáfan er styrkt af Alþjóðastjórn og fáum við þannig til baka hluta af þeim alþjóðagjöldum sem við greiðum. Áskilið er að blaðið komi út a.m.k sex sinnum á ári og fást styrkir til að prenta tvö tölublöð á ári en öll blöðin eru gefin út rafrænt. Rafrænu blöðin koma út á heimasíðu Lions á Íslandi sem og í sérstöku smáforriti (Í LION Magazine Ísland) sem félagar geta hlaðið niður í snjallsíma og önnur nettengd tæki. Eins eru öll blöðin send í tölvupósti til félaga.

Blaðið er á hverjum tíma boðberi upplýsinga og fræðslu um málefni hreyfingarinnar og um leið vettvangur skoðanaskipta Lionsfélaga ásamt því að flytja áhugaverðar fréttir af starfinu í klúbbunum.

Lions og Internetið.

Hægt er að komast í samband við ýmsa Lionsklúbba um allan heim í gegnum heimasíður á internetinu. Íslenska Lionshreyfingin hefur heimasíðu á slóðinni www.lions.is Þar eru gagnlegar upplýsingar um starfsemi Lions á Íslandi, m.a. verkefni og ýmsa málaflokka, nöfn félaga og embættismanna í hreyfingunni. Ýmsa fróðleiksmola og námsefni fyrir Lionsfélaga má einnig finna þar sem og upplýsingar um það sem er á döfinni o.fl.

Af alþjóðlegum vefsíðum má nefna www.lionsclub.org sem er slóðin að heimasíðu Alþjóðasambands Lionsklúbba. Á þeirri síðu eru upplýsingar um Alþjóðahreyfinguna og Alþjóðahjálparsjóð Lions (LCIF).

Lionshreyfingin á Íslandi notar einnig samfélagsmiðilinn Facebook og þar erum við með tvær síður. Annars vegar Lions á Íslandi sem er opin síða fyrir alla og hins vegar LIONS MÁL. sem er lokuð síða fyrir Lionsfélaga. Margir klúbbar hafa svo sínar eigin síður á Facebook.

Starfið í Lionsklúbbunum

Hér á undan hefur verið gerð grein fyrir skipulagi Lionshreyfingarinnar. Fyrir flesta Lionsfélaga er starfið í einstökum klúbbum það umhverfi sem þeir kannast best við. Hvernig félögum líkar starfið í hreyfingunni er háð því hvernig innra starfið í klúbbunum er. Af hendi yfirstjórnar Lionshreyfingarinnar er lögð mikil áhersla á að klúbbarnir efli innra starfið og styrki þannig Lionshreyfinguna í heild.

Hér gildir máltækið að engin keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn.

Klúbbastarf

Starfsemi í klúbbum er jafn fjölbreytileg og klúbbarnir eru margir, því er ekki hægt að segja frá innra starfinu sem slíku en í stað þess verður minnst á ýmis atriði sem lögð er áhersla á í formannaskóla fyrir komandi formenn Lionsklúbba. Þessi skóli er haldinn árlega (í apríl/maí) í tengslum við umdæmis- og fjölumdæmisþing.

Lögð er áhersla á innri kynningu á starfi klúbba. Þá er átt við að klúbbfélagar og fjölskyldur þeirra séu meðvituð um störf klúbbsins.

Góð leið til að tryggja innri kynningu er útgáfa á fréttabréfi þar sem fram koma helstu atriði sem fjallað er um á stjórnar- og klúbbfundum.

Formaður er „aðalframkvæmdastjóri“ klúbbsins (GAT) og leiðir starf hans. Hann, ásamt formanni verkefnanefndar (GST), varaformanni (GLT) og formanni félaganefndar (GMT) skipa GAT-teymi klúbbsins. Með því að vera í góðu sambandi við nefndarformenn tryggir formaður að verkefni klúbbsins gangi eðlilega fyrir sig og um leið að klúbbfélagar finni tilganginn í því að vera í Lionsklúbbi.

Vel skipulögð starfsemi klúbbsins eykur traust klúbbfélaga og áhuga þeirra á starfinu. Stuðla ber að heimsóknum í aðra klúbba og í fyrirtæki til að auka þekkingu klúbbfélaga á Lionshreyfingunni og þjóðfélaginu.

Æskilegt er að halda uppi skipulagðri kynningu á ýmsum þjóðfélagsmálum með því að fá aðila úr þjóðlífinu til að halda erindi um ýmis málefni.

Fjármál

Öll félagsstarfsemi krefst fjármagns til starfsemi sinnar, leigja þarf fundaraðstöðu, greiða fyrir ræðumenn á fundum, kaupa smágjafir o.fl.

Lionshreyfingin er engin undantekning í þessum efnum.

Í skipulagi Lionshreyfingarinnar er ákveðin þrískipting þ.e. klúbburinn, umdæmið og Alþjóðahreyfingin.

Til þess að annast rekstur þessara eininga eru greidd

- a) gjöld til alþjóðahreyfingarinnar
- b) gjöld til umdæmisins
- c) félagsgjöld í klúbbunum.

Liðir a og b eru eins hjá öllum klúbbum en félagsgjöld í klúbbum eru mishá eftir því hvað er innfalið í þeim. Til viðbótar kemur síðan kaffi/matargjald á einstökum fundum.

Fræðsla

Lionshreyfingin hefur undanfarin ár lagt æ meiri áherslu á að fræða félagana bæði um starf hreyfingarinnar sem slíkrar en einnig að auka færni þeirra í félagsstörfum. Þess vegna hefur frá árinu 2000 verið haldið námskeið undir heitinu Leiðtogaskóli Lions (RLLI). Í Leiðtogaskólanum kenna reyndir kennarar. M.a. er fjallað um stjórnunarstíla, mannleg samskipti, verkefnastjórnun og ræðumennsku. Einnig eru í tengslum við þing hreyfingarinnar haldnir skólar fyrir verðandi formenn, ritara, gjaldkera og svæðisstjóra.

Klúbbar geta fengið margvísleg námskeið í tengslum við klúbbfundi og svæðisfundi. Fræðslufulltrúar umdæmanna og fræðslustjóri fjölumdæmisins leitast við að verða við beiðnum klúbba um námskeið. Fræðsluteymið býður einnig upp á margvísleg námskeið á netinu (Zoom), félögum að kostnaðarlausu.

Hvað tákna litirnir í Lionsmerkinu

Litirnir í merkinu hafa ákveðna merkingu. Þegar hreyfingin var stofnuð árið 1917 var ákveðið að opinberir litir hreyfingarinnar skyldu vera hinir konunglegu litir **blár og gylltur**.

Blár táknar hollustu og heiðarleika. Gylltur táknar einlægni, heilbrigði, umburðarlyndi og örlæti.

Litirnir minna Lions féлага á þessa eiginleika: Tryggð, hollustu, heiðarleika, einlægni, heilbrigði, umburðarlyndi og örlæti.

Hvað táknar Lionsmerkið

Ekki bara konung dýranna. Orðið Lions er skammstöfun á enskum orðum sem túlka mikilvæga þætti í félagsskap okkar, Lionshreyfingunni.

- L** er fyrir liberty (frelsi)
- I** er fyrir intelligence (skilningur)
- O** er fyrir our (okkar)
- N** er fyrir nations (þjóðar)
- S** er fyrir safety (öryggi)

Ljónin sem horfa bæði fram og aftur tákna það að horfa til framtíðar og til fortíðar. Við horfum stolt til fortíðar og reynslunnar sem við höfum öðlast og lítum björtum augum til framtíðar og tækifæranna sem bíða okkar.

Lionsmerkin okkar

Gleymum ekki að bera merkin okkar. Lionsmerkið gefur oft tækifæri til að ræða við aðra Lionsfélaga sem við mætum á förnum vegi.